

Indiánunum. Hann hafði skapað vísundinn og hjörtinn, og önnur dýr til fæðu. Hann hafði skapað björninn og bjórinn, — feldir þeirra nægðu okkur til klæðnaðar, og hann hafði dreift þeim yfir landið og kent okkur að handsama þá. Hann hafði gefið jörðinni frjómagn svo að í henni greri korn til manneldis Alt þetta gerði hann fyrir rauðu börnin sín, því hann elskar þau. Ef það kom fyrir að deila reis um veiðilönd, þá var hún jafnan útkljáð án blóðsúthellingar.

Eu óhappadagur rann yfir okkur og landið okkar. Feður yðar sigldu yfir sjóinn mikla og stigu fæti á þetta land. Þeir voru ekki margir. Þeir fundu hér vini, en ekki óvini. Þeir töldu okkur trú um að þeir hefðu flúið að heiman undan ofsókn grimdarfullra harðstjóra, og komið hingað til að fá notið trúar sinnar. Þeir báðu um sæti í landinu sem við áttum. Við aumkuðumst yfir þá og urðum við bón þeirra, og þeir settust meðal ekkar. Við gáfum þeim korn og kjöt. — Þeir gásu okkur eiturn f staðinn.

Hvíta fólkið hafði nú fundið landið okkar, bróðir. Tíðindi bárust heim og fleiri komu. Samt óttuðumst við þá ekki. Við álitum þá vini. Þeir kölluðu okkur bræður, við trúðum þeim og gáfum þeim meira rúm. Að lokum hafði tala þeirra aukist mjög og þeir vildu fá meira land. Þeir vildu fá landið okkar. Augu okkar opnuðust og við urðum óróir. Þá byrjaði stríðið. Indiánar voru keyptir til að berjast við Indiána og fjöldi af fólkini okkar var drepið niður. Þeir fluttu einnig til okkar sterkt víni. Vínid var áfengt og tælandi og hefir drepið þúsundir.

Bróðir, okkar óðul voru einu sinni stór, en ykkar voru smá. Þið eruð nú orðin voldug þjóð, en við höfum naumast land til að breiða úr ábreiðunum okkar. Þið hafði fengið landið okkar, en eruð þó ekki ánægð. Þið viljið líka neyða ykkar trú inn á okkur.

Bróðir! hlýð enn á orð míni. Þér segist vera sendur til að leiðbeina okkur og kenna okkur að vegsama hinn Mikla Anda, svo honum sé þóknanlegt, og ef við ekki tökum við trú þeirri sem þér, hvítu mennirnir, boðið þá verðum við vansæl hér eftir. Þér segið að yðar trú sé rétt en við séum glötunarinnar börn.